

## Fundargerð

### 5. fundar Hafnarnefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í Hafnarnefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, þriðjudaginn 11. júní 2019 kl. 13:00. Fundinn sátu Eiður Ragnarsson formaður, Sigurjón Stefánsson, Magnús Hreinsson, Stefán Guðmundsson hafnarvörður og Gauti Jóhannesson sveitar- og hafnarstjóri. Formaður ritaði fundargerð og stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Fingur og gjaldskrárbreytingar eða viðbætur þeim tengdar.
2. Umsögn um viðbyggingu við fiskverkunarhús Búlandstinds.
3. Framkvæmdaáætlun við Djúpavogshöfn.

- 
1. Lögð fram tillaga að gjald fyrir legupláss við fingur verði kr 10.560.- Hafnarnefnd samþykkir og felur hafnarstjóra og hafnarverði að bæta því inn í gjaldskrá. Miðað verður við að árinu sé skipt upp í 3 tímabil og plássin leigð að lágmarki eitt tímabil í senn.
  2. Bréf frá Búlandstindi ehf varðandi möguleika á viðbyggingu austan við núverandi byggingu. Byggingin rúmast innan lóðarmarka Búlandstinds. Hafnarnefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti en bendir á að tryggja þurfi að nausynleg vinnuumferð, s.s. lyftarar eigi greiða leið meðfram byggingunni. Einnig leggur hafnarnefnd til að sett verði hlið austan við viðkomandi byggingu, til að minna umferð óviðkomandi á hafnarsvæðinu. Einnig vill hafnarnefnd áréttta að vegna fyrirhugaðra framkvæmda á og við hafnarsvæðið að erindi vegna þeirra berist með eðlilegum fyrirvara og áður en framkvæmdir hefjast.
  3. Framkvæmdaáætlun við Djúpavogshöfn. Samþykkt að kalla sérfræðinga frá Vegagerðinni inn á fund hafnarnefndar til að fara yfir stöðu viðhaldsmála og hugsanlegar nýframkvæmdir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00

Eiður Ragnarsson fundarritari.

Sigurjón Stefánsson  
Magnús Hreinsson  
Eiður Ragnarsson